



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
B.t. allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2024

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, mál nr. 722, lagt fram á 154. löggjafarþingi

Alþýðusamband Íslands (hér eftir ASÍ) hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Áður hafa komið fram athugasemdir frá sambandinu, eða þegar umrætt mál var í samráðsgátt stjórnvalda sem drög að frumvarpi (mál nr. S-236/2023). Voru þar m.a. gerðar alvarlegar athugasemdir við breytingu á skipun kærunefndar, en hverfa á frá því að í kærunefnd sitji hagsmunasamtök á sviði mannréttinda. Einnig voru gerðar athugasemdir við þau áform að afnema réttinn til þess að fá endurgjaldslausu aðstoð talsmanns á lægra stjórnsýslustigi, svo og athugasemdir við afnám réttar til dvalarleyfis þegar tímamörk stjórnsýslu eru ekki virt eða eftir að endanleg ákvörðun hefur verið tekin um synjun en brottflutningur liggur ekki fyrir.

Það er jákvætt að sjá að horfið er frá þeim áformum að afnema rétt til endurgjaldslausu talsmanns á lægri stjórnsýslustigi. Um sérlega mikilvægan rétt er að ræða sem eins og áður segir er til bóta bæði fyrir þá sem hingað til lands leita, en ekki síður stjórnsýslukerfið. Að öðru leyti hefur ekki verið tekið sérstakt tillit til athugasemda og er það miður. Eru áður framkomnar athugasemdir þar með ítrekaðar og eftirfarandi athugasemdum sérstaklega við bætt.

Það veldur varhug að sjá allar þær skerðingar sem er að finna í frumvarpinu og styttingu á leyfum, svo sem við þær aðstæður þegar veitt er viðbótarvernd eða vernd á grundvelli mannúðar. Þess utan er sérstaklega mælt fyrir seinkun á heimild til að sækja um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar.

Frá dyrum verkalyðshreyfingarinnar, þá virðast sem framangreindar skerðingar og hömlur í flestum tilvikum vera illa rökstuddar og almennt er fjallað um hverja tillögu að lagabreytingu með tilvísun í sér valin Norðurlönd án frekari umfjöllunar eða sérstaks rökstuðnings. Sú mikla umfjöllun um fjölgun dvalarleyfa hérlendis er unnin af skornum skammti og án sérstakrar greiningar bæði aftur- og framvirkt á við hvað varðar orsakir og afleiðingar. Þá ítrekar ASÍ þá afstöðu sína að dapurlegt er að sjá að hælisleitendum og flóttafólki er enn kennt um hnignun innviða hérlendis, án alls rökstuðnings. Innviðir eru málefni hvers ríkis og ASÍ hefur verið óþreytandi að benda á þann vanda sem hefur verið í auglýsni um langt skeið. Það er í höndum stjórnvalda í hvert sinn að vinna með skýrum hætti að bættum lífsskilyrðum, að tryggja framboð húsnæðis og að hér sé sterkt heilbrigðiskerfi, svo dæmi séu nefnd. Að kenna einum hópi um þá hnignun sem orðið hefur, í stað þess að viðurkenna eiginlegan vanda og vinna með gagngerum hætti að því að bæta hann, eru vonbrigði. Sá hópur sem hingað kemur til lands og leitar verndar er mikilvægur hlekkur í íslensku samfélagi og í flestum tilfellum vill og mun leggja til samfélagsins margfalt til baka.



Alþýðusamband Íslands

Þá er það enn ítrekað að allar hömlur hælisleitenda eða dvalarleyfishafa til atvinnu geta leitt til enn veikari stöðu þess fólks á íslenskum vinnumarkaði. Dæmum fjölgar sífellt þar sem viðkvæmir hópar eru hagnýttir vegna stöðu sinnar í þágu atvinnurekenda og tilkynningum um mansal frá ASÍ til lögreglu fjölgar ár hvert. Með frekari hömlum á atvinnumöguleika þess fólks sem hingað er komið til lands, verður hættan enn frekari á því að hér á landi stækki og grasseri óheilbrigður vinnumarkaður fyrir þann hóp sem er í einna viðkvæmustu stöðu hérlendis.

Mikilvægt er að allar ákvarðanir séu teknar með mannúð og mildi að leiðarljósi og að vel rökstuddu og ígrunduðu máli. Hvetur ASÍ stjórnvöld til að endurskoða þær breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpi þessu, með sérstöku tilliti til berskjöldunar og neyðar þess hóps sem um ræðir.

Virðingarfyllt,
F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Oddsson, sviðsstjóri lögfræði- og vinnumarkaðssviðs

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur